

Fundargerð 295. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 295. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn 11.ágúst 2020 á Kringlukránni.

Efni fundar: Dagskrá:

1. Fyrirmyndarfyrirtæki afhending viðurkenninga 21. ágúst kl.12:00-13:00 á Nauthól.
2. Kick off fundur 27. ágúst á Nauthól kl.08:45-10:00
3. Staða verkefna (áhversluverkefna og annarra verkefna)
4. Fjárhagsstaða Stjórnvísí.
5. Önnur mál

Dags.fundar: 11.ágúst2020	Tími: 11:00-12:00	Nr. fundar: 295
Fundarboðari: AÓG	Fundarritari: GA	Staður: Kringlukráin

Viðstaddir: Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Guðný Halla Hauksdóttir, Ásdís Erla Jónsdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Sigríður Harðardóttir, Steinunn Ketilsdóttir, Ósk Heiða Sveinsdóttir, Stefán Hrafn Hagalín.

Fjarverandi: Jón Gunnar Borgþórsson og Ingi Björn Sigurðsson.

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

- 1. Fyrirmyndarfyrirtæki** Afhending viðurkenninga verður 21. ágúst kl.12:00-13:00 á Nauthól. Allt er klárt í Nauthól fyrir fundinn og verður þess gætt að hægt sé að fylgja 2ja metra reglunni. Boðið verður upp á hádegisverð. Einungis 2 mega koma frá hverju fyrirtæki og verður 17-18 fyrirtækjum afhent viðurkenning. Fundarstjóri verður Agla Eir Vilhjálmsdóttir lögfræðingur Viðskiptaráðs, erindi flytur Magnús Harðarson forstjóri Kauphallarinnar og viðurkenningarnar verða afhentar af Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir SA.
- 2. Kick off fundur** verður haldinn 27. ágúst á Nauthól kl.08:45-10:00. Búið er að ítreka við faghópa að senda dagskrá sína inn í Excelskjal sem er á vefnum. Nú þegar eru nokkrir faghópar búnir að setja inn drög að dagskrá vetrarins. Ákvörðun verður tekin er nær dregur um fyrirkomulag fundarins. Væntanlega verður hann með takmörkuðum fjölda á Nauthól og streymt eða á Teams. Samþykkt var á vinnufundi stjórnar í sumar að hafa dagskrá Kick Off fundarins svipaða og áður. Formaður setur fundinn og kynnir ítarlega mælaborð Stjórnvísí, framkvæmdastjóri fer yfir hlutverk stjórna faghópa, Guðný Halla hvernig halda skal og bóka fund. Síðan eru allir hvattir til að ræða saman á borðunum um hvað er vel gert hjá Stjórnvísí og hvað má betur fara. Sigríður og Steinunn munu stjórna þeirri vinnu. Að lokum gefst öllum tækifæri á að hitta aðra faghópa á speed-date. Stjórn hefur samþykkt að bjóða faghópum út að borða tvisvar á ári og verður það kynnt á

fundinum. Sendur verður út linkur á sameiginlegt skjal til stjórna faghópa í ágúst nk. Mæta með barmlímmiða fyrir alla til að merkja sig í hvaða faghóp þeir eru, fara yfir hvað hefur gengið vel og hvað má ganga betur.

Eigum við að takmarka þátttöku á þessum fundi?

Nú þegar eru 20 bókaðir?

3. **Staða verkefna** (áhversluverkefna og annarra verkefna).

Verkefni stjórnar starfsárið: 2020 – 2021

1. Stuðningur við stjórnir faghópa.

Ábyrgðaraðilar: **Ásdís**, Aðalheiður, Steinunn, Ingi Björn (Fundur í þar næstu viku)

1. Teams
2. Podcast
3. Mælaborðið
4. Markaðsmál og sýnileiki.

2. Markaðsmál og sýnileiki. (fundur í næstu viku)

Ábyrgðaraðilar: **Ósk Heiða**, Stefán Hrafn, Jón Gunnar, Guðný Halla

1. Meðal aðila að Stjórnvísi
2. Utan félagsins
3. LinkedIn
4. Selfoss, Akureyri – Samstarf með háskólanum á Akureyri
5. Heimasíðan
6. Markviss fjölgun fyrirtækja
7. Markviss fjölgun háskólanema . Hvetja faghópa til að tala við deildir og kennara og t.d. fá 5 bestu nemendur til að kynna niðurstöður

3. Samstarf við aðra aðila um jafningjafræðslu (búið að bóka fund)

Ábyrgðaraðilar: **Jón Gunnar**, Sigríður, Steinunn, Ásdís

1. Atvinnulífið (KPMG stjórnarhættir)
2. Háskólarnir
3. Opinberir aðilar - stjórnkerfið
4. Opinberir aðilar - fyrirtækin
5. Samtök atvinnulífsins
6. Samstarf með háskólanum á Akureyri
7. Símenntunarmiðstöðvar út um allt land
8. Stjórnunarfélag suðurlands Selfoss -
9. Sinnum landsbyggðinni - fáum flotta fyrirlestara þaðan og streyma

Önnur verkefni: EFQM? Íslensku gæðaverðlaun?

4. **Fjárhagsstaða Stjórnvísi.** Staða félagsins er nokkurn veginn á áætlun. Öll félagsgjöld eru innheimt.

5. **Önnur mál.**

- Hausráðstefna Stjórnvísi.
 - Þema ársins er „Ár aðlögunar“ og verður þema hausráðstefnunnar tengt þema ársins.
 - Áhugaverð nöfn komu upp varðandi fyrirlesara og fundarstjóra. Stjórn og framkvæmdastjóri skiptu með sér verkum að hafa samband við þessa aðila
- Fundur með Maríu Ellingsen – María er tilbúin til að halda fundinn á Teams og spurning að bóka fyrsta námskeiðið.